

Ed.

606. Nefndarállit

um frv. til laga um forstjórn póst- og símamála.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við leggjum til, að frv. þetta verði felt, af því að við teljum, að það muni fremur verða til að auka kostnað við yfirstjórnina, en teljum, að rjett sje að halda áfram sameiningu starfanna á hinum smærri póst- og símastöðvum, eins og þegar fyrir nokkru er byrjað á, þar sem það að áliti landssímastjóra og aðal-póstmeistara þykir hagkvæmt.

Alþingi, 27. mars 1928.

Jón Þorláksson, Björn Kristjánsson.
frsm.